

FLÓKI LARSEN

Olbogabarnið Jóhannes Birkiland

Birtingarmynd andhetjunnar
í sjálfsævisögulegum verkum hans

Andhetjur hafa verið nokkuð áberandi í nútímaskáldsagnagerð vestrænna bókmennta síðan um miðbik síðustu aldar. Þessi gerð af söguhetju er þó ekki ein-skorðuð við skáldskap því þær er einnig að finna meðal aðalhetja í íslenskum sjálfsævisögum, þar sem söguhetjan er jafnframt höfundur sögunnar. Umfjöllunarefni þessarar greinar er höfundur og viðfangsefni einnar slíkrar sögu. Það er rithöfundurinn og lífskúntnerinn Jóhannes Birkiland (1886–1961) en hann skrifaði sjálfsævisögu sína og gaf út undir nafninu *Harmsaga æfi minnar – Hvers vegna ég varð auðnuleysingi* í fjórum bindum árin 1945–1946.

Í greininni¹ verður gerð tilraun til að koma auga á andhetjuleg bókmennta-minni í sjálfsævisögulegum skrifum Jóhannesar Birkilands en tiltölulega lítið hefur verið skrifað um verk hans hingað til.² Rýnt verður í *Harmsögu æfi minnar* og

¹ Greinin er byggð á ritgerð sem ég skrifaði fyrir áfangann *Játningar og varnarrit* sem Guðmundur Brynjólfsson kenndi við Háskóla Íslands í desember 2023.

² Verk Jóhannesar eru fremur óaðgengileg en *Harmsaga æfi minnar* hefur sem dæmi aðeins verið endurútgefin einu sinni árið 1948. Bækur Jóhannesar eru eftirsóttar á fornbókasöllum. Þorsteinn Antonsson fjallaði um Jóhannes í grein sinni „Utangarðsskáldið Jóhannes Birkiland“. Greinin birtist fyrst í *Skírni* og síðar greinarsafni hans, sjá Þorsteinn Antonsson, *Sjáendur og utangarðsskáld*, Reykjavík: Skálprennt, 1985, bls. 34–68. Í greinasafninu er einnig viðauki með ritverkaskrá Jóhannesar á bls. 219: „Ritverkaskrá, áreiðanlega ekki tæmandi: *The House of Seven Demons*, skáldsaga, 1922? [sic] *Amerika í ljósi samleikans* 1.–2. útg., bæklingur, 1927–1928. *Villigötur*, bæklingur, 1935. *Hálft annað ár í lífi mínu*, síðari hluti ævisögunnar, 1935. *Harmsaga æfi minnar*, ævisaga, 1.–2. útg. 1945–1948. (Gefin út í heftum I–IV). *Heljarlóð* I–II, viðaukar við ævisöguna, smárit, 1951–1953. *Poems of Heart* 1.–2. útg. 1950. *Sannleikur*, bæklingur, 1953. *Brostnir strengir*, ljóðabók, 1959. Smásagan Valrós birtist sem framhaldssaga í *Framtíðinni*. Smásögurnar „Dauðinn á fyrstu hæð“ og „Eitt ævintýri af mörgum“ birtust í L. [*Lífið*].“ Þorsteinn tekur fram að líklega



Ritið
3. töl. 24. árg. 2024 (59-88)
Ritrynd grein

© 2024 Ritið, úmarit Hugvísindastofnunar
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.24.3.4
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

þar að auki verða tvö óþekktari smárit eftir hann til umfjöllunar, *Villigötur* (1935) og *Ameríka* (1927). Rit Jóhannesar verða skoðuð með hliðsjón af andhetjum í frægum skáldverkum eins og *Útlendingnum* og *Bjargvættinum í grasinu*. Þá verður sérstaklega gripið til samanburðar við aðrar íslenskar sjálfævisögur. Þar ber helst að nefna *Ferðasögu Árna Magnússonar frá Geitastekk* og skáldævisögur Þórbergs Þórðarsonar, *Íslenzkan aðal* (1938) og *Ofvitann* (1940). Markmið samanburðarins er að greina hliðstæður andhetjulegra minna í íslenskum sjálfævisögum í von um að hann gefi skýrari mynd af því hvaða höfundarsérkenni einkenna andhetjusögu Jóhannesar Birkilands.

Rýnt verður í verk áður nefndra sjálfævisagnaritara með það að leiðarljósi að þau liggi á mörkum skáldskapar og veruleika. Sagnfræðilegt gildi er ekki viðfangsefnið í þessari grein. Markmiðið er að rýna í birtingarmynd aðalpersónu sögunnar sem vissulega er höfundurinn en í því ljósi sem hann sjálfur kys að nota. *Skáldævisaga* er hugtak sem á við um slík verk og verður útlistað nánar síðar í greininni.

Andhetjan

Segja má að andhetjan hafi verið til staðar í skáldsögum allt frá upphafi þeirra og vísa ég þar til andhetjunnar Don Kíkóta, aðalhetju samnefndrar sögu Miguel de Cervantes, sem kölluð hefur verið fyrsta nútímaskáldsagan.³ Þessi gerð söguhetja hefur síðar skotið upp kollinum í ýmsum kanónum íslenskra og erlendra bókmennta. Í því samhengi mætti nefna Raskolnikov í *Glæpi og refsingu* Fjodors Dostojevskís (1866), Meursault í *Útlendingnum* (fr. *L'Étranger* (1942)) eftir Albert Camus og Haulden Caulfield í *Bjargvættinum í grasinu* (e. *Catcher in the Rye* (1951)) eftir J. D. Salinger. Frægust andhetja í íslenskum skáldsögum er sennilega Ólafur Káráson ljósvíkingur í *Heimsljósi* (1937–1940) Halldórs Laxness en þar að auki eru til dæmis Emil S. Halldórsson í *Gæludýrum* Braga Ólafssonar (2001) og Hlynur

sé ritverkaskráin ekki tæmandi en ekki er útilokað að hluti höfundarverksins, sérstaklega sá hluti sem Jóhannes gaf út í Vesturheimi, sé glataður eða lítt þekktur. Við þetta má bæta að Jóhannes þýddi bækur sem hann gaf út eins og Iwan Solonewitsch, *Flóttinn*, þýð. Jóhannes Birkiland, Reykjavík: Jóhannes Birkiland, 1945. Sir William Barret, *Synir á dauðastundu*, án útgst.: Jóhannes Birkiland, 1928. James Hervey Hyslop, *Lífð eftir dauðann*, Reykjavík: Jóhannes Birkiland, 1928. Þorsteinn fjallaði einnig um Birkiland í bók sinni *Ljósberar og lögmálsbrjótur*, Reykjavík: Þorsteinn Antonsson, 2004, bls. 25–49. Sjá einnig umfjöllun um Jóhannes Birkiland í Elín Sigurðardóttir, *Riddarinn sjónumhryggi. Um Jóhannes Birkiland og verk hans*, B.A.-ritgerð við Háskóla Íslands, varðveitt á Landsbókasafni Íslands, 1999.

³ Sjá umfjöllun um upphaf skáldsögunnar í Torfi H. Tulinius, „Hver var fyrsta skáldsagan?“, *Vísindavefurinn*, 2000, sótt 8. ágúst 2024 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=198>.

Björn í 101 *Reykjavík* (1996) Hallgríms Helgasonar. Eins og fyrr var nefnt er þessa gerð söguhetja að finna í íslenskum sjálfsævisögum en Halldór Laxness byggði sína skáldsagnapersónu, Ólaf Kárason ljósvíking, að miklu leyti á persónulegum gögnum og þar á meðal sjálfsævisögu Magnúsar Hj. Magnússonar. Mikið hefur verið skrifað um skáldið á Þróm⁴ en ekki gefst rými til að gera sögu Magnúsar góð skil í þessari grein. Mun fleiri dæmi eru um söguhetjur í íslenskum sjálfsævisögum sem eru að heita má utangarðs í sínu samfélagi. Ekki næst að gera grein fyrir þeim nema að verulega takmörkuðu leyti í þessari grein.⁵

Breyskar söguhetjur hafa þó verið til í íslenskum bókmenntum síðan á ritunartíma Íslendingasagna. Persónurnar Grettir sterki og Skarphédinn Njálsson hafa til dæmis verið kallaðar dökkar hetjur. Dökkar hetjur eru á öndverðum meiði við ljósar hetjur eins og til dæmis Gunnar á Hlíðarenda sem útlitslýsing og framvinda sögunnar hefja upp til skýjanna. Bæði dökku og ljósu hetjurnar geta átt í átökum við annað fólk. Sá munur er hins vegar á þeim að ljósa söguhetjan breytir rétt, með réttlæti gegn ranglæti. Breytni dökku hetjunnar er aftur á móti ekki alltaf til fyrirmyndar. Dökku hetjurnar í Íslendingasögunum gefa ákveðna hugmynd um hugtakið andhetju þó svo að varhugavert sé að leggja þessi hugtök að jöfnu, meðal annars vegna þess að dökkur hárlitur eða hörundsblær hefur einkennt dökkar hetjur.⁶

Sú túlkun sem hér er lagt upp með er bundin við andhetjur nútímabókmennta. Þær eru, ólíkt dökku hetjum Íslendingasagna, ekki miklir kappar. Þær hafa takmarkaða líkamlega burði, falla illa að samfélagi sínu og tolla tæplega í vinnu, finna sig ekki í skóla og passa almennt illa í þau form sem samfélagið hefur mótað. Viðhorf þeirra til þjóðfélagsins einkennast oft af fyrirlitningu, auk

⁴ Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, *Kraftbirtingarhljómur guðdómsins. Bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þróm*, Reykjavík: Háskólaútgáfan 1998. Sjá einnig Gunnar M. Magnúss, *Skáldið á Þróm. Ævisaga Magnúsar Hj. Magnússonar*, Reykjavík: Iðunn 1956. Sjá einnig Gunnar M. Magnúss, *Ósagðir hlutir um skáldið á Þróm*, án útgst.: Skuggsjá, 1973.

⁵ Sjá til dæmis Vernharður Eggertsson (duln. Dags Austan), „Því dæmist rétt vera...“, Reykjavík, 1936. Jón Gnarr, *Indjóninn. Skálduð ævisaga*, Reykjavík: Mál og menning, 2006. Guðberg Guðmundsson, *Þjófur fikill falsari – Sjálfsævisaga síbrotamanns*, Reykjavík: Skrudda, 2009. Baugalín (duln.), *Launhelgi lyganna*, Reykjavík: Mál og menning, 2000. Geir Hanson (duln.), *Misjöfn er mannsævin*, Reykjavík: Örn og Örlygur, 1979. Róbert Maitland, *Höggormur í Paradís*, Reykjavík: Iðunn, 1982.

⁶ Sjá umfjöllun Ármanns Jakobssonar um dökkar hetjur og andhetjur miðaldabókmennta í Ármann Jakobsson, *Illa fenginn mjóður. Lesið í miðaldartexta*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2009, bls. 56–60. Sjá einnig umfjöllun Viðars Hreinssonar um kolbítana Grettí Ásmundarson í Grettlu og Örvar-Odd í Örvar-Odds sögu. Sjá Viðar Hreinsson, „Hver er þessi Grettir?“, *Skáldskaparmál* 2: 2/1992, bls. 77–106. Sjá einnig Viðar Hreinsson, „Hetjur og fifl úr Hrafnistu“, *Tímarit Máls og menningar*, 51: 2/1990, bls. 41–52.

þess sem þær skeyta lítið um væntingar þess. Þessar söguhetjur eru oftast ungir karlmenn. Hluti af persónugerð andhetjunnar eru lítil samskipti við konur og skortur á færni á því sviði. Sögur nútímaandhetja hafa mikið til verið í fyrstu persónu. Lesendur fá að skyggjast inn í hugarheim þeirra og kynnst existensíalískum viðhorfum frá fyrstu hendi. Angist og vandamál söguhetja gefa sitthvað til kynna um tilveru mannsins í nútímanum og þau vandamál sem henni kunna að fylgja. Í tilfelli Meursaults í *Útlendingnum* setur níhilískt gildismat aðalhetjunnar mannlega tilveru í samhengi við fátíðleika lífsins: „Móðir mín dó í dag, eða kannski var það í gær. Ég veit það ekki.“⁷

Þessi gerð sögupersóna varð áberandi eftir seinni heimsstyrjöld. Leikritaskáld og skáldsöguhöfundar hreyfingarinnar Angry Young Men í Bretlandi hafa verið bendlaðir við upphaf vinsælda andhetjunnar í Bretlandi, til dæmis mætti nefna skáldsöguna *Dýrkeyptur sigur*⁸ (e. *Room at the top* (1957)) eftir John Blaine. Leikritaskáld og rithöfundar á borð við Samuel Beckett og J. D. Salinger hafa verið kenndir við upphaf vinsælda hennar í Bandaríkjunum og Albert Camus í hinum frönskumælandi heimi.

John Peck og Martin Coyle gera grein fyrir þróun harmleikja í bók sinni *Literary Terms and Criticism*. Þeir segja að tragedíur fyrri tíma hafi yfirleitt fjallað um fólk af æðri stétt sem oft var konungborið. Eftir því sem harmleikir þróuðust í seinni tíð, til dæmis með tuttugustu aldar höfundum eins og Strindberg og Ibsen, hefur þjóðfélagsstaða persónanna breyst. Peck og Coyle nefna *Dauða sölumanns* (e. *Death of a Salesman* (1949)) eftir Arthur Miller sem dæmi. Aðalpersónur nútíma-harmleiksins eru ekki konungbornar heldur í lág- eða miðstétt:

Það sem nútímaharmleikir eiga sameiginlegt með eldri harmleikjum er að kanna sársaukann í heimi þar sem ekki er lengur unnt að viðhalda skynsamlegri samfélagsgerð. Þó er munur. Hann hefur eitthvað að gera með þá staðreynd að aðalpersónur nútímaharmleikja eru fremur lágt settar persónur í stiga stéttaskiptingarinnar; þær eru **andhetjur**, í þeim skilningi að þær eru aðeins alþýðlegt fólk gegnt þeim miklu mönnum og konum sem voru í brennidepli í eldri harmleikjum.⁹

Í kjölfar þessa varð þróun umfjöllunarefnisins jafnframt sú að leita inn á við; í huga persónanna. Harmleikir fjalla í seinni tíð ekki síður um óreiðu í huga

⁷ Albert Camus, *Útlendingurinn*, Reykjavík: Íslenski kiljklúbburinn, 1997, bls. 9.

⁸ Titill á íslenskri þýðingu Hersteins Pálssonar, Reykjavík: Setberg, 1959.

⁹ John Peck og Martin Coyle, *Literary Terms and Criticism*, Basingstoke: Palgrave Study Guides, 2002, bls. 108–109.

mannsins en óreiðu ytri aðstæðna: „Söguhetjurnar eru jafn líklegar til að takast á við verstu hliðar eigin sjálfs og umheimsins.“¹⁰ Þetta er í takt við andhetjusögur nútímabókmennta sem urðu áberandi um miðbik 21. aldar og fjalla að miklu leyti um hugarástand aðalpersónanna.

Hér er vert að beina sjónum að *Harmsögu æfi minnar* eftir Jóhannes Birkiland en þar er söguviðið að miklu leyti tileinkað tilfinningalífi aðalpersónunnar, Jóhannesar. Fyrsta bindi hennar kom út árið 1945 en á því ári áttu sér stað umfangsmiklar breytingar á ytri aðstæðum veraldarþúa. Stríðið sem hafði verið í algleymingi var loksins á enda. Jóhannes lætur sig það hins vegar litlu varða í sögu sinni; á þessum umbrotatímum gefur hann út verulega sjálfhverfa sjálfsævisögu þar sem hann rekur söguna af því hvernig hann varð auðnuleysingi. Uppgangur eða breytingar í þjóðfélaginu eru ekki til umfjöllunar. Það er persónulegri nálgun en yfirleitt hafði tíðkast í sjálfsævisögulegum skrifum. Þetta má einnig segja að Þórbergur Þórðarson hafi tileinkað sér en hann kann að hafa verið fyrirmynd Birkilands í þessum efnum. Vert er að benda á skrif Sigurðar Gylfa Magnússonar sagnfræðings um Þórberg í þessu samhengi. Sigurður segir í upphafi bókar sinnar *Sjálfsögu*¹¹ að Þórbergur hafi komist að þeirri niðurstöðu í *Eddu* sinni að höfundar sjálfsbókmennta væru tómir hausar og „einsog aldrei [hefði] nokkur vitund gerzt í sálarlífi þeirra“ heldur væru þessar bókmenntir innantómt þvaður.¹² Þórbergi leiddist ríkjandi sjálfsævisagnahefð. Þessi tilvitnun, sem eins og fyrri tilvitnunin er úr formála hans að *Eddu* sinni, er til marks um þá nýstárlegu aðferð Þórbergs og síðar Birkilands að skrifa um eigið sálarlíf, ólíkt því sem áður hafði tíðkast:

[...] mikill þorri manna hefur ekki ennþá náð svo hátt í andlegum þroska, að hann skynji nokkurt innra samband milli sjálfs síns og þeirra staða, þar sem hugsaðar hafa verið merkilegar hugsanir. Hann lifir svo að segja allur á hinum grófgerðu atburðasviðum. Með honum hefur ekki ennþá þróast skilningarvitið, hin fingerða sjón, sem sér, að stærstu og merkilegustu atburðir mannlífsins eru í raun réttir þeir, sem gerast innan endimarka sálarinnar.¹³

¹⁰ Sama rit, bls. 109.

¹¹ Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögu. Mími, minningar og saga*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2005, bls. 9.

¹² Þórbergur Þórðarson, *Edda Þórbergs Þórðarsonar*, Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls. 10.

¹³ Sama rit, bls. 10.

Nánar verður vikið að þessu síðar. Fyrirnefnt rit, *Sjálfsögur*, verður talsvert til umfjöllunar í þessari grein og þar að auki annað rit Sigurðar Gylfa, *Fortíðardraumar*¹⁴, en í þeim hefur hann gert íslenskum sjálfsævisögum ítarleg skil.

Sjálfs- og skáldævisögur

Hægt er að færa rök fyrir því að allar sjálfsævisögur séu óáreiðanlegar að miklu leyti. Minnið er svikult og upplifanir fólks hafa á sér margar hliðar. Allt sem hefur nokkurn tímann hent fólk, mótað persónugerð þess og lífsviðhorf, auk dagsformsins, hefur áhrif á hvernig það upplifir augnablikið. Önnur vídd bætist síðan við þegar fólk segir frá því sem gerðist á ákveðnum tímapunkti í þeirra lífi. Ein meginrökin í áðurnefndum *Fortíðardraumum* Sigurðar Gylfa Magnússonar eru að „maðurinn sé nú, á þessum póstmóðernísku tímum, ekki *einn heldur margur* og trúlega hafi svo verið frá fyrstu tíð.“¹⁵ Sjálfíð tekur breytingum í tímans rás, við það bætist að erfitt er að henda reiður á hvar minninu skeikar og hvað er sannleikanum samkvæmt. Hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað er ekki ósennilegt að höfundur hagræði sannleikanum eftir sínu höfði. Þannig mætti færa rök fyrir því að umfjöllun sé ávallt hlutdræg að einhverju leyti þegar umfjöllunarefnið er lífshlaup þess sem skrifar. Þrátt fyrir þennan óáreiðanleika hvað sannleiksgildi sjálfsævisagna varðar hafa persónulegar heimildir fólks eins og dagbækur, bréf og sjálfsævisögur fengið aukið vægi í íslensku fræðasamfélagi á síðastliðnum 30 árum. Til marks um það mætti nefna að Sigurður Gylfi, sem hefur verið ötull talsmaður *einsögurannsókna*, telur ástæðu til að nefna íslenskan einsöguskóla sagnfræðinga, sem njóti sérstöðu í heimi einsögufræða vegna áherslunnar á notkun persónulegra heimilda.¹⁶ Þar er stuðst við persónuleg skrif fólks um upplifun þess af atburðum og þjóðfélagi líðandi stundar, þar á meðal eru sjálfsævisögur.

Að því sögðu verður að hafa í huga að höfundar sjálfsævisagna ákveða sjálfir hvað þeir telja í frásögur færandi og með hvaða hætti þeir segja frá. Sagnfræðilegt sanngildi er þó ekki viðfangsefnið í þessari grein. Þórbergur Þórðarson var stundum gagnrýndur fyrir að ýkja eða segja ekki satt í sínum bókum eins og hann nefnir í minningarorðum um séra Árna Þórarinsson í *Þjóðviljanum*. Þar minnst Þórbergur á spaug sem gekk manna á milli um endurminningar séra Árna sem Þórbergur skrásetti. Spaugið var á þá leið að ævisagan ætti eftir að verða nokkuð framúrstefnuleg „þar sem lygnasti maður landsins segir frá og sá

¹⁴ Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004. Sjá einnig Sigurður Gylfi Magnússon, *Autobiographical Traditions in Egodocuments. Icelandic Literary Practices*, Bloomsbury Academic: London, 2024.

¹⁵ Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, bls. 29.

¹⁶ Sama rit, bls. 20.

trúgjarnasti færir í letur.¹⁷ Þórbergur viðrar ýmsar hugleiðingar um sannleik og skáldskap í minningarorðunum en þó svo að ævisaga séra Arna sé ekki sjálfsævisaga gerir Þórbergur bæði listrænt gildi og sannleiksgildi sjálfsævisagna að umtalsefni í minningarorðunum.

Höfundur, sem gæddur er stílgáfu og miklum frásagnarhæfileika, freistast til að mála ýmislegt með sterkari litum en efni eru til. Hjá höfundi með litla stílgáfu og lélegan frásagnarhæfileika verða litirnir hins vegar daufari en í veruleikanum. Hvorugur segir því „sanna“ ævisögu.¹⁸

Höfundur glímir við að þurfa að gera upp á milli þess sem réttast er og þess sem gerir söguna góða en það er fjarri lagi að það fari alltaf saman. Sumir rithöfundar hafa tekið þessari glímu fagnandi og tekið sér skáldaleyfi í sjálfsævisögum sínum. Slíkar sjálfsævisögur hafa verið kallaðar skáldævisögur. Sigurður Gylfi Magnússon fjallar um hugtakið í *Fortíðardraumum* og bendir á eftirfarandi tilvitnun úr bók Guðbergs Bergssonar, *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar*, en Guðbergur notaði hugtakið fyrstur¹⁹:

Ævisögur [sjálfsævisögur] eru ekki til, strangt á titið, því fátt glatast jafn algerlega og ævi manns, þannig að aðeins er hægt að færa í letur löngun hans til að varðveita andblæ hans í orðum.

Einnig er það að atburðir sem slíkir gerast bara einu sinni á ævinni, en eftir það geta þeir gerst hvað eftir annað og með ýmsum og ólíkum hætti í huga manns sjálfs og þeirra sem hafa heyrt um þá.

Þetta verk er sagnfræðilega rangt. Því er einungis ætlað það hlutverk að vera nokkurn veginn rétt, tilfinningalega séð, hvað höfundinn varðar. Þetta er því skáldævisaga.²⁰

¹⁷ Þórbergur Þórðarson, „Síðasti fulltrúi fornrar frásagnarsnilli“, *Ævisaga Arna prófests Þórarínssonar. III. bindi*, Reykjavík: Mál og menning, 1983, bls. 405.

¹⁸ Sama rit, bls. 410. Sigurður Gylfi fjallar um *Ævisögu Arna prófests Þórarínssonar* í *Fortíðardraumum* bls. 67–69. Sjá einnig ítarlega umfjöllun í Soffía Auður Birgisdóttir *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*, Reykjavík: Opna, 2015, bls. 243–255.

¹⁹ Sjá einnig umræðu Soffíu Auðar Birgisdóttur um skáldævisöguna í Soffía Auður Birgisdóttir „Skáldævisagan. Tilraun til skilgreiningar á bókmenntagrein“, *Skíma* 27: 2/2004, bls. 41–44.

²⁰ Guðbergur Bergsson. *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar*, Forlagið: Reykjavík, 1997, bls. 7.

Höfundar skáldævisagna leika sér að forminu, ýkja, færa í stílinn og eru ekki smeykir við að láta fagurfræðilega stefnu ganga framár sannleiksgildi verka sinna. Þetta segir Sigurður Gylfi í *Fortíðardraumum*:

Skáldævisagan býður upp á ákveðna skörun bókmenntaforma. Hún liggur alls staðar og hvergi. Í öllum sjálfsævisögum er að finna skáldskap; í uppbyggingu textans, framsetningu höfunda af atburðum og hugmyndum og heildarskilningi á lífinu. Allt lýtur þetta lögmálum skáldskaparins, þess búnings sem frásögnin fær í textanum. Í skáldævisögum gengst höfundurinn veruleika skáldskaparins opinberlega á hönd og vinnur með hann.²¹

Þess ber þó að geta að uppi eru skiptar skoðanir um hugtakið. Sigurður bendir einnig á skrif Gunnþórunnar Guðmundsdóttur sem taldi hugtakið *skáldævisaga* vera til nokkurra vandræða, þar sem hugtakið *sjálfsævisaga* næði nægilega vel utan um tilraunir með bókmenntaformið. Auk þess væri ekki endilega gagnlegt að fjarlægja „sjálfið“ úr heitinu.²²

Í þessari grein er sú afstaða tekin að vel megi flokka verk Jóhannesar Birkilands, *Harmsögu æfi minnar*, sem skáldævisögu og einnig *Íslenzkan aðal* (1938) og *Ofvitann* (1940–1941) eftir Þórberg Þórðarson. Þó að hugtakið hafi ekki verið komið til þegar ritin voru skrifuð nefnir Sigurður Gylfi að íslenskar skáldævisögur hafi verið til árum saman þegar Guðbergur nefndi hugtakið fyrstur og bendir Sigurður á Þórberg í því samhengi.²³ Ljóst er að Jóhannes tekur sér oft skáldaleyfi og „freistast til að mála ýmislegt með sterkari litum en efni eru til“ eins og Þórbergur kemst að orði í fyrrnefndri tilvitnun og er þekktur fyrir sjálfur. Að þessu sögðu verða sögurnar eftir atvikum felldar undir hugtakið sjálfsævisaga til að lýsa verkunum í samanburði við aðrar sjálfsævisögur sem ekki geta talist til skáldævisagna. Þrátt fyrir að hluta verka Jóhannesar og Þórbergs megi kalla skáldævisögur útilokar það ekki að verkin séu í senn sjálfsævisögur.

Þórbergur og Birkiland skrifa ekki aðeins sem sagnfræðingar eigin lífshlaups heldur einnig sem listrænir rithöfundar, meðvitaðir um stílfræðilegt gildi verka

²¹ Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, bls. 92. Sjá nánari umfjöllun um hugtakið á bls. 79–95.

²² Sama rit, bls. 79. Sjá í Gunnþórunn Guðmundsdóttir, „Skáldað um líf. Sjálfsævisögur sem bókmenntagrein á tímum póstmóðernisma“, *Skírni* 177: 2003, bls. 109–125, hér bls. 110. Sjá einnig bók Gunnþórunnar Guðmundsdóttur; *Borderlines. Autobiography and Fiction in Postmodern Life Writing*, Amsterdam og New York: Rodopi, 2003.

²³ Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, bls. 80.

sinna. Jóhannes skrifaði auk sjálfsævisagna sinna skáldsögur og ljóð, þýddi og gaf út bækur. Þar fyrir utan ritstýrði hann tveimur menningartímaritum: *Framtíðinni* (1929–1931) og *Lífínu* (1936–1939). Þórbergur Þórðarson orti ljóð og var með fremri höfundum íslenskra fagurbókmennta á 20. öld. Árna Magnússon frá Geitastekk verður hér að taka út fyrir sviga. Eftir hann liggur aðeins ferðasagan sem tæpast er hægt að kalla skáldævisögu þar sem hún er engan veginn jafn frjálst að forminu til og sögur Jóhannesar og Þórbergs, enda mun eldri. Eins og gefur að skilja var bókmenntaformið sem slíkt styttra á veg komið en í ferðasögunni fjallar Árni þó um eigin ævi með frjálstegri hætti en áður hafði tíðkast. Nánar verður vikið að því síðar.

Olnbogabarnið Jóhannes Birkiland og ofvitinn Þórbergur Þórðarson

Í upphafsávarpi *Harmsögunnar* lýsir Jóhannes Birkiland því yfir að ýmsir hafi látið í ljós við sig „furðu sína varðandi þá staðreynd, að ég hefi orðið draumórum og auðnuleysi að bráð.“ Loksins hefur honum tekist að brjótast út úr öllum sínum „ævilöngu draumórum og kaldur veruleikinn blasir við.“ Jóhannes fullyrðir „í því sambandi [...] af fullkominni sjálfs-gagnrýni“ að hefðu samlandar hans treyst honum fyrir forstjórastöðu í stóru verzlunar- eða iðnfyrirtæki hefði það valdið straumhvörfum í lífi hans. Hugsanlega hefði það bjargað honum frá lífi auðnuleysis og draumóra en vantraust Íslendinga gerði annað að verkum: „Í stað forstjóra er ég mesta olnbogabarn þessarar stórauðugu þjóðar.“²⁴

Þessi mótsagnakennda byrjun er einkennandi fyrir söguna. Ritíð, sem spannar alls fjögur bindi, er eins konar lífsstúdía Jóhannesar um sjálfan sig. Í ávarpinu segir að hann muni leitast við að útskýra hvernig fyrir honum sé komið og hvernig standi á því að „hver einasta endurminning æfi [sinnar] fram yfir fimmtíu og þriggja ára aldur veldur [honum] einungis sársauka og kvalar.“ Þar að auki sjái hann sig beinlínis tilneyddan til þess að gefa eitthvað út og selja í þeim tilgangi að „afla fjár til úrbótar nokkurra frumstæðustu þarfa fjölskyldu [s]innar“.²⁵ Þessar uppgjörsáætlanir Jóhannesar setja tóninn fyrir söguna en sá tónn hjálpar til við að marka sögunni stað í undirflokkum sjálfsbókmennta. *Uppgjörsrit* eru einn af fjórtán undirflokkum sem Sigurður Gylfi Magnússon telur upp í *Sjálfsöögum* en þar greinir hann og flokkar íslenskar sjálfsævisögur eftir þeim hvata sem liggur

²⁴ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga æfi minnar. Hvers vegna ég varð auðnuleysingi*, Reykjavík: Jóhannes Birkiland, 1945, bls. 5.

²⁵ Sama rit, bls. 6. Í vel með förnun eintökum af *Harmsögunni* má sjá lítinn miða á titilsíðunni þar sem eftirfarandi skilaboð koma fram: „Sá sem greiðir kr. 100,00 fyrir þessa bók, gerir það til þess að styrkja fjölskyldu Birkilands í mjög örðugum kringumstæðum. Bæði móðirin og faðirinn eru heilsuþilíuð. Þau eiga þrjár mjög ungar dætur.“

skrifunum að baki. Um uppgjörsrit segir Sigurður að höfundur sé „oftast að gera upp líf sitt með tilliti til einhverra sérstakra atburða sem ekki hafa beinlínis plagað hann alla ævi heldur frekar sett ákveðið mark á lífshlaupið, ýmist til góðs eða ills“²⁶. Þó svo að *Harmsagan* sé eitt meiri háttar uppgjör höfundar verður hún ekki flokkuð með uppgjörsritum hér, einmitt vegna þess að Jóhannes gerir ekki upp sérstakan atburð eða tímabil í lífi sínu heldur frekar allt sitt líf. Sagan á því frekar heima í flokki *réttlættingarrita*. Um þau segir í flokkaskiptingu Sigurðar að „höfundur réttlættingarrits ætl[í] sér að skýra frá því hvernig honum tókst að verða nýtur þjóðfélagsþegn, oft við mjög erfiðar aðstæður, eða þá að greina frá aðstæðunum fyrir því að það hafi mistekist“,²⁷ sem er tilfelli Jóhannesar, líkt og titillinn *Harmsaga æfi minnar – hvers vegna ég varð auðnuleysingi* bendir greinilega til. Sigurður telur *Harmsöguna* tilheyra þessum flokki en tekur jafnframt fram að verk Jóhannesar sé mjög óvenjulegt og að erfitt sé að staðsetja það í flóru sjálfs-ævisagna, „einkum vegna þess að geðheilsa höfundar set[ji] sterkt mark sitt á söguna. En fyrir bragðið er bókin eitt magnaðasta réttlættingarrit sem út hefur komið hér á landi.“²⁸ Hann upplifir sig einangraðan og utangarðs í sínu samfélagi. Fyrir vikið telur hann sig knúinn til að rétta hlut sinn. Sigurður kemst vel að orði í þessu samhengi:

Kjarninn í rökum Jóhannesar eru þau [svo] að hann hafi verið eyðilagður í æsku með eftirlæti foreldra sinna, einkum föður síns. Hann hafi aldrei átt sér viðreisnar von upp frá því. Þannig rekur hann raunir sínar til upphafsáranna og ímynd Jóhannesar tekur á sig form andhetjunnar. Ógæfu hans verður allt að vopni. Hann þvælist um allar jarðir og verður alls staðar jafn illa úti; samfélagið hafnar honum og hann er útundan í lífinu. Sálarprengringum sínum lýsir Jóhannes af fádæma bersögli.²⁹

Jóhannes lýsir þessum rökum *Harmsögunnar* sjálfur í stuttu máli í öðru sjálfsævi-sögulegu riti sem heitir *Sannleikur* (1953):³⁰

²⁶ Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, bls. 148. Sjá umfjöllun um uppgjörsrit, bls. 148–152.

²⁷ Sama rit, bls. 137. Sjá umfjöllun um réttlættingarrit bls. 137–140.

²⁸ Sama rit, bls. 140.

²⁹ Sama rit, bls. 140.

³⁰ Jóhannes Birkiland, *Sannleikur*, Reykjavík: Jóhannes Birkiland, 1953, bls. 52.

Faðir minn framdi þá yfirsjón að gera mig að iðjuleysingja. Með sinni feikna óforsjálmi í breytni sinni við mig gróðursetti hann í vitund mína þá hugmynd, að ég væri of góður og of gáfaður til þess að vinna. Afleiðingin varð leti og óbeit á allri vinnu.

Bersögli Jóhannesar varðandi sjálfan sig er grunnforsenda andhetjuminnisins í sögunni. Hann fer ekki í launkofa með galla sína heldur játar þá af áður óþekktri hreinskilni. Þessi tilvitnun úr kaflanum „Bersögli“ er til marks um það:

Bersögli varðandi sjálfan mig í þessari harmsögu minni sýnir alfullkomna einlægni og ótakmarkaða sannleiksást. Munu slíks engin dæmi. Þetta er einstætt fyrirbæri í bókmenntum heimsins.

Eðlilegt er, að það þyki mjög furðu sæta hve óvægilega og alveg hlífðarlaust ég fletti ofan af brestum mínum og óheilbrigðu líferni, hvernig ég lýsi sjálfum mér sem draumórasjúkum athafnaleysingja og andlegum og siðferðislegum bjálfa.³¹

Einlægni og játningagleði Jóhannesar gerir að verkum að einnig má flokka *Harmsöguna* meðal *játningarita*, sem er annar flokkur í skiptingu Sigurðar Gylfa. Hann lýsir þeim þannig að þar leggi höfundur áherslu á „uppgjörið við sjálfan sig, sjálfs sín vegna. Játningin er því hvatinn og mótun sjálfsins markmiðið.“³² Það kemur heim og saman við ávarpið í upphafi sögunnar. Hann segir jafnframt í neðanmálgrein að *Harmsaga æfi minnar* falli í þennan flokk en ítrekar um leið að erfitt sé að skilgreina verkið með tilliti til undirflokka.³³ Frægustu fyrirmyndirnar í játningabókmenntum eru *Játningarnar* eftir Jean-Jacques Rousseau (1712–1778) og *Játningar* heilags Ágústínusar (354–430).³⁴ Í ritunum er yfirlýst markmið höfunda að segja skýrt og rétt frá og gera hreint fyrir sínum dyrum.³⁵ Það er einnig markmið Jóhannesar, samanber ofangreinda tilvitnun. Hún minnir á upphaf *Játninga* Rousseaus:

³¹ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga æfi minnar III*, Reykjavík: Jóhannes Birkiland, 1946, bls. 52.

³² Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, bls. 144. Sjá umfjöllun um játningarit, bls. 143–152.

³³ Sama rit, bls. 144.

³⁴ Jean-Jacques Rousseau, *Játningarnar*, þýðandi Pétur Gunnarsson, Reykjavík: Mál og menning, 2022. Ágústínus, *Játningar*, þýðandi Sigurbjörn Einarsson, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1962.

³⁵ Sjá umfjöllun Matthíasar Viðars um játningabókmenntir í Matthías Viðar Sæmundsson, „Bókmenntir um sjálfíð. Þróun sjálfsævisagna“, *Íslensk bókmenntasaga III*, ritstjóri Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 112–116.

Ég ætla að takast á hendur verk sem á engan sinn líka og mun aldrei verða endurtekið. Ég hyggst birta samferðafólki mínu mann sem er í öllu eins og hann kemur fyrir af hendi náttúrunnar; og þessi maður er ég sjálfur. [...] Dómsdagslúðurinn má gjalla þegar honum list og ég mun mæta mínum æðsta dómara með þessa einu bók í hendi. Og ég mun segja hátt og skýrt: Hér er það sem ég hef gert, þetta hef ég hugsað og svona var ég.³⁶

Játningarnar eftir Rousseaus og *Harmsaga* Jóhannesar eru bæði játningarit en í senn réttlættingarrit. Eftir því sem líður á sögurnar fer játningagleðinni þó hrakandi en báðir kenna þeir samferðamönnum sínum að miklu leyti um mislukku sína í lífinu. Í báðum sögum fer smám saman að gæta eins konar ofsóknaræðis en í lokaköflunum jaðra skrif þeirra við samsæriskenningar. Hér talar Rousseau um örlög sín: „Kvalinn og tættur eftir undangengin fávíðri, uppgefinn á ferðalögum og áralöngum ofsóknum þráði ég hvíld sem óprúttir andstæðingar gerðu sér að leik að spilla fyrir mér.³⁷

Í þriðja bindi *Harmsögunnar* má skynja svipaðan tón, þar sem Jóhannes imprar á jaðarstöðu sinni: „Ég er dauður úr íslenzku þjóðlífi (hef raunar aldrei lifað í því). Mér og ástvinum mínum er ofaukið á Íslandi (og hefur alltaf verið). Ég er í fjötrum fordóma á Íslandi. Ég hef ótakmarkaðan viðbjóð á spillingunni á Íslandi.“³⁸ Jóhannes er oft tortrygginn á meiningu fólks í sinn garð. Þetta segir Jóhannes um leið og hann rifjar upp fyrrnefndar forstjórávonir sínar: „ég vissi, að sá dómur hafði verið hljóðlátlega og að tjaldbaki uppkveðinn, að ég væri þegar *félagslega drepinn*.“³⁹

Frásögn Jóhannesar fjallar um mann sem hefur alla burði til að láta rætast úr sér en mistekst það vegna misheppnaðra uppeldisaðferða. Í fyrstu köflunum fjallar Jóhannes um barnæsku sína á býli foreldra sinna í Skagafirði og það hvernig allt var látið eftir honum. Hann fékk að prófa áfengi, tóbak og kaffi ungur að aldri, af kaffi og kjöti fékk hann eins mikið og hann gat í sig látið. Þetta ofdekur erfir hann við foreldra sína. Hann ýjar þó að fleiri og sorglegri áhrifaþáttum í færri orðum eins og kynferðislega misnotkun vinnumanns á bænum.⁴⁰ Þar að auki lýsir Jóhannes því hvernig hann hafði afar takmörkuð tækifæri til

³⁶ Jean-Jacques Rousseau, *Játningarnar*, bls. 13.

³⁷ Sama rit, bls. 629.

³⁸ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga afi minnar III*, bls. 73.

³⁹ Sama rit, bls. 55.

⁴⁰ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga afi minnar*, bls. 33.

bóklegrar menntunar,⁴¹ þrátt fyrir að hafa verið efnilegur og vel gefinn drengur. Það segir hann hafa stigið sér til höfuðs, þar sem heimilisfólkið hafi gert honum hátt undir höfði sem ofvita og ritsnillingi, svo að honum þótti líkamleg vinna ekki við sitt hæfi:

[Þ]að var búið að gróðursetja í vitund mína þá óbifanlegu sannfæringu, að ég væri óviðjafnanlegum gáfum gæddur, væri jafnvel svo nefndur ofviti, en við þetta fráleita, snarvitlausu hugtak „ofviti“ var eitthvað bundið, er ég gat bara látið mig dreyma um, en ekki skynjað eða skilið – eitthvað ógurlega stórt. Stærð þessa mikilmennsku-ástands var víðfeðmari en alheimurinn. Ég taldi mig hafinn yfir alla gagnrýni, líkt og ég væri nokkurs konar hálfguð. Með öðrum orðum: ég var sokkinn til botns í regindjúp hroka og heimsku, enda átti ég þaðan ekki afturkvæmt fyrr en á sextugs aldri.⁴²

Orðið ofviti minnir hér óneitanlega á samnefnda skáldævisögu Þórbergs, *Ofvitann*, sem hafði komið út fáeinum árum áður. Þórbergur og Jóhannes eru báðir sérvitringar í sögum sínum, allt frá því í æsku. Það bendir til þess að þeir séu öðruvísi en annað fólk og séu þar af leiðandi dæmdir til að lenda á skjön við umhverfi sitt. Það er tilfellið í sögu Jóhannesar sem finnur sig hvergi og finnur til einsemdar frá því í barnæsku: „Fyrstu endurminningar varðandi sálarástand mitt og umhverfið eru á þann veg, að mér fannst ég vera einmana og vissi alls ekki, hvað ég átti af mér að gera.“⁴³ Vini nefnir Jóhannes hvergi í *Harmsögunni*, í besta falli eru það drykkjufélagar stutta stund í senn.

Margt bendir til þess að Jóhannes hafi verið undir áhrifum sálgreiningarfræða Sigmunds Freuds en um þau skrifaði hann greinar í menningartímaritið *Lífið* sem hann gaf út og ritstýrði. Í því birtist ljóð sem hann samdi Freud til heiðurs. Fyrsta erindið er eftirfarandi:

Í fordóma myrkur, í fávisku lægð,
Kom Freud með ljósið og daginn.
Sjá, alþjóðum veitti hann af sinni gnægð.
Og öllum bjó hann í haginn. –
Eg syng honum sólskinsbraginn!⁴⁴

⁴¹ Sama rit, bls. 80–85.

⁴² Sama rit, bls. 39.

⁴³ Sama rit, bls. 17.

⁴⁴ Jóhannes Birkiland, „Frelsarinn“, *Lífið*, 3: 1/1938, bls. 471–472, hér bls. 471.

Fyrsta kaflaheiti *Harmsögunnar* á eftir upphafsávarpinu, „Afleiðingar uppeldisins – þjáningar æfilangt“, lýsir leit Jóhannesar að ástæðum fyrir undankomuleysi sínu í æsku. Það gerir orðatiltækið í upphafi kaflans líka: „Margur býr að fyrstu gerð“. ⁴⁵ Í þriðja kafla, sem heitir „Meðal fyrstu sáðkorna uppeldisins“, skrifar Jóhannes um „[n]ýjstu niðurstöður uppeldisvísindanna [sem] eru á þann veg, að maðurinn sé að mestu leyti mótaður á fyrstu sjö árum æfningar“. ⁴⁶ Það kann að vera að sjálfsævisaga Matthíasar Jochumssonar, *Sögukaflar af sjálfum mér* (1922), hafi verið Jóhannesi innblástur við gerð *Harmsögunnar*. Sigurður Gylfi bendir á í *Fortíðardraumum* að séra Matthías hafi strax í upphafi sett sér „það takmark að nýta sér nýju vísindin sem Sigmund Freud hafði hafði til vegs og virðingar undir lok níjtjándu aldar, sálarvísindin, og gera í rauninni tilraun á sjálfum sér“. ⁴⁷ Séra Matthías vildi „reyna eftir minni og megni að skýra fyrir niðjum [s]ínum og vinum uppruna [s]inn og andlegan vöxt úr óviti bernskunnar“ og finna og varðveita það sem hann kallaði „hinn rauða þráð, sem er samferða og samanheldur vitundar- og persónulífinu“. ⁴⁸ Hann vildi grafa upp í minni sínu og skrásetja þau minningabrot sem hann taldi mikilvæg í mótun hans eigin sjálfs. Þetta mætti segja að sé yfirlýst markmið Jóhannesar Birkilands sömuleiðis.

Raunar má nefna að séra Matthías ruddi brautina fyrir sjálfsævisagnahöfundu almennt. Í *Sjálfsögum* færir Sigurður Gylfi rök fyrir því að *Sögukaflar af sjálfum mér* og *Dægradvöl* (1923), sjálfsævisaga Benedikts Gröndals, hafi markað „ákveðin tímamót vegna ákafra tilrauna höfundanna til að gera mótun sjálfsins að sérstöku viðfangsefni.“ Sigurður kallar ritin öndvegisverk og jafnframt „fyrstu sjálfsævisögurnar með nútímasniði sem voru gefnar út hér á landi“. ⁴⁹ Þó unnu þeir verkin með mismunandi hætti þar sem séra Matthías lagði sig allan fram um að rita sögu sína eins nákvæmlega eftir minni og hann gat en Benedikt Gröndal tókst á við verkefnið af dæmalausri léttúð eins og Sigurður orðar það. ⁵⁰ Sennilega á *Harmsagan* meira skylt við *Dægradvöl* að því leyti. Í henni rekur Jóhannes

⁴⁵ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga æfi minnar*, bls. 7.

⁴⁶ Sama rit, bls. 14.

⁴⁷ Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, bls. 46–47. Sjá nánari umfjöllun í sama riti, bls. 44–48. Sjá einnig Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, bls. 248–252.

⁴⁸ Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1959, bls. 14.

⁴⁹ Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, bls. 64. Sjá einnig umfjöllun um *sjálfsævisögulegt sjálf* (e. *autobiographical self*) og fleira um sjálfið í Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, *Fræðaskjóða. Bókmenntafræði fyrir forvitna*, Selfoss: Sæmundur og Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, 2020, bls. 267–279.

⁵⁰ Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, bls. 81.

sögu sína eins langt aftur og hann getur. Snemma í sögunni segir hann frá því hvernig hann varð til. Á því hefur hann þessa tregafullu skoðun:

Er ég ávöxtur þeirrar samveru eftir tveggja ára dvöl móður minnar á heimili föður míns, að því er ég bezt veit. Kann ég hvorugu þeirra þakkir fyrir þetta. En hvað föður minn snertir, er ég ekki reiður honum sérstaklega fyrir það, að hann var valdur að tilveru minni, heldur vegna þess að hann ól mig upp. Mönnum er full vorkunn, þó að þeir hlýði kalli eðlislögmálsins; en ég hefði verið honum þakklátur, hefði hann borið mig út á klakann strax í frumbersku, því að annað hvort hefði ég látizt eða einhver hefði bjargað mér af klakanum og kennt mér nógu fljótt að vinna og treysta á sjálfan mig.⁵¹

Það er fáheyrt að höfundar íslenskra sjálfsævisagna setji fram þá skoðun um lífssögu sína að henni hefði átt að ljúka strax í upphafi. Það er þó ekki einsdæmi. Ofangreinda tilvitnun má máta við aðra tilvitnun úr sjálfsævisögu Bjargeyjar Kristjánsdóttur (Bíbí) (1927–1999) sem var nýlega gefin út í bókinni *Bíbí í Berlín*.⁵² Hér gefst ekki rými til að gera sögu Bíbíar ítarleg skil en uppvaxtarsaga hennar hefst í Skagafirði eins og saga Jóhannesar. Þar átti Bíbí erfitt uppdráttar og lenti utangarðs í sínu samfélagi. Hún var stimpluð sem fáviti vegna fötlunar sinnar og vistuð á öldrunarheimili á Blönduósi sem ung manneskja gegn sínum vilja. Bíbí rekur söguna af því hvernig hún veiktist sem ungabarn en veikindin taldi hún vera orsökina að fötlun sinni. Um þau hafði hún þetta að segja:

Þannig var það með mig, það hefði verið betra að ég hefði hrokkið uppaf þá, heldur en að vera vogrek þessarar veraldar, ef maður á að orða [það] þannig? Alstaðar er manni ofaukið, þannig hefur það verið með mig.⁵³

Sá þungi og eymdarlegi tónn sem greina má í fyrrnefndri tilvitnun Jóhannesar má segja að liti *Harmsöguna* frá upphafi til enda. Hrakfarir, volæði, fátækt, ólukka, óréttlæti og flækjngur eru meginstefin í verkinu. Svo opinska lýsing á sálarkvölum höfundar er efurtektarvert fyrirbæri í íslenskum sjálfsævisögum.

⁵¹ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga æfi minnar*, bls. 13.

⁵² Bjargeyja Kristjánsdóttir í Guðrún Valgerður Stefánsdóttir, *Bíbí í Berlín. Sjálfsævisaga Bjargeyjar Kristjánsdóttur*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2022. Sjá einnig Guðrún Valgerður Stefánsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon og Sólveig Ólafsdóttir, *Disability Studies Meets Microhistory. The Secret Life of Bíbí in Berlin*, Oxford: Taylor & Francis Group, 2024.

⁵³ Sama rit, bls. 82. Sjá nánari umfjöllun Guðrúnar Valgerðar Stefánsdóttur um Bíbí bls. 13–69.

Ef einhver kemst með tærnar þar sem Jóhannes hafði hælana er það Þórbergur Þórðarson. Hann hafði gefið út *Íslenzkan aðal* og *Ofvitann* nokkrum árum áður en *Harmsagan* kom út. Í umfjöllun um verk Þórbergs í *Fortíðardraumum* vitnar Sigurður Gylfi til viðtals við hann í *Þjóðviljanum* um það leyti sem *Íslenzkur aðal* var gefinn út. Þórbergur sagði að bókin væri „ekki nein ævisaga í venjulegum skilningi. Það er harmleikur sálarinnar, sem ég hefi gert mér far um að segja frá í listrænu formi.“⁵⁴ Harmleikur sálarinnar er ekki síður áberandi í *Ofvitannum*. Sem dæmi er Þórbergur langt kominn með að ganga í sjóinn í sama kafla og hann viðrar þessar existensialísku þælingar: „Ef alheimurinn hefur orðið til af sjálfu sér, eru þá einhver náttúrufræðileg lögmál fyrir því, að þessi jörð vor sé eina þjáningarvíti hans?“⁵⁵

Jóhannes Birkiland var þó hjartsýnn á köflum enda lýsir hann sér sem draumóramanni. Þrátt fyrir auðnuleysi Jóhannesar hafði hann metnað fyrir ýmsum störfum. Hann greinir frá því í *Harmsögumni* að um tíma vildi hann gerast leikari í Hollywood og meira að segja utanríkisráðherra og forseti Bandaríkjanna.⁵⁶ Þegar Jóhannes stillir auðnuleysinu upp gegnt æðsta embættinu skapar hann kómískar öfgar. Þannig tekur hann að sér trúðshlutverkið, þar sem hann sjálfur er skotsþóinninn. Grínstoðtækið (e. *comic relief*) er kærkomið frávik frá svart-sýni sögunnar. Annað dæmi er stórskemmtileg sena þar sem Jóhannes dettur á hausinn í niðamykri þegar hann gistir hjá fólki í Vesturheimi:

Hrökk bóndinn, nýsofnaður, upp með andfælum og skelfingu þrunginn, því hann hugði, að þrumufleygi eða eldingu hefði lostið niður í húsið, en slíkt hafði borið við skömmu áður. Kom hann með ljós í hendi að mér, þar sem ég lá alveg nakinn á gólfinu. Tók ég að bölvla af þeim feiknum, að hann bað fyrir sér nær örvita af ótta, þar eð hann hugði mig dáinn, en strax afturgenginn! Þaut hann brott í dauðans ofboði, og drygklöng stund leið unz tveir filefldir synir hans dirfdust að nálgast mig af varfærni, enda hafði fyrirbærið skotið þeim skelk í bringu. Spurðu þeir mig, hvort ég væri orðinn að draugi eftir flækingsinn og auðnuleysið.⁵⁷

⁵⁴ „Íslenzkur aðal komin út: Bók um æsku fyrirstríðsáranna, hugsjónir hennar, brauðstrit, rómantik, ástarharna og guðlega upphafningu á augnablikum velgenginnar. Viðtal við höfundinn Þórberg Þórðarson“, *Þjóðviljinn* 20. maí 1938, bls. 3. Sjá nánari umfjöllun um verkið í Sigurður Gylfi Magnússon, *Fortíðardraumar*, bls. 85–87.

⁵⁵ Þórbergur Þórðarson, *Ofvitinn. Síðara bindi*, Reykjavík: Heimskringla, 1941, bls. 212.

⁵⁶ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga æfi minnar II*, bls. 13–18 og 99.

⁵⁷ Sama rit, bls. 87.

Þessar kómísku öfgar Jóhannesar minna talsvert á áðurnefndar skáldævisögur Þórbergs Þórðarsonar. Soffía Auður Birgisdóttir segir um skrif Þórbergs um elskuna sína í *Íslenzkum aðli* að „öll frásögnin af tilfinningum elskhugans [sé] í útblásnum ýkjástíl frá upphafi til enda. Tilfinningalífið sveiflast frá hæstu hæðum til dýpstu lægða og aftur upp á örskotsstundu. Og allt er þetta óborganlega myndið.“⁵⁸

Flækningur Jóhannesar Birkilands og Árna Magnússonar frá Geitastekk

Færa má rök fyrir því að fyrsta vísinn að andhetju í íslenskum sjálfsævisögum sé að finna í *Ferðasögu Árna Magnússonar frá Geitastekk* en þar má greina ákveðin andhetjuleg minni.⁵⁹ Söguna skrifaði Árni þegar hann kom heim til Íslands eftir að hafa verið á flakki í um 48 ár, þar sem hann fór til fjarlæggra landa, meðal annars til Kína. Það er óvíst hvað fékk Árna til að yfirgefa Ísland, þar sem hann var vel efnum búinn og hafði ágæta menntun og átti tvö börn sem hann kom fyrir í vist áður en hann fór út. Björn K. Þórólfsson nefnir í formála að útgáfu ferðasögunnar að Árni hafi „flúið land vegna viðkvæmnismáls nokkurs eða samvirkusakar“⁶⁰ sem er enn á huldu hvað var. Matthías Viðar Sæmundsson, sem fjallar um *Ferðasögu Árna í Íslenskri bókmenntasögu III*, segir að það sé „nánast eins og eitthvert óskilgreint afl af harmrænum toga knýi hann um heiminn.“⁶¹ Við fáum ekkert að vita um orsakirnar annað en að eitthvað hvíli þungt á Árna. Þannig orðar Árni það sjálfur: „Eg hafði og nokkuð að bera í samvirknu minni, þegar eg hugsaði til Íslands og hvör orsök var til reisu minnar.“⁶² Matthías nefnir

⁵⁸ Soffía Auður Birgisdóttir, „Íslenzkur aðall. Þórbergur Þórðarson“, *Heimur skáldsögunnar*, ritstjóri Ástráður Eysteinnsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001, bls. 273–284, hér bls. 278. Sjá einnig umfjöllun Soffíu um sannleiksgildi í verkum Þórbergs í Soffía Auður Birgisdóttir, *Ég skapa – þess vegna er ég*, bls. 43–61. Þar segir Soffía meðal annars: „Þegar öllu er á botninn hvolft blasir það við að hinar mörgu fullyrðingar Þórbergs sem varða sannleikshugtakið eru skemmilega mótsagnakenndar eins og hægt er að sýna fram á með fjölda dæma“, bls. 56.

⁵⁹ Sagan er varðveitt í eiginhandarriti Árna, Lbs 1583 4to, en kom út í danski þýðingu 1918. Sagan birtist í þýðingu Dr. Páls Eggerts Ólasonar undir nafninu *En íslensk eventyrer Árna Magnussons optegnelser* sem hluti af ritsafninu *Memoirer og Breve*, gefið út af Gyldendal. Síðar kom sagan út á íslensku 1945.

⁶⁰ Björn K. Þórólfsson, „Formáli“, Árna Magnússon, *Ferðasaga Árna Magnússonar frá Geitastekk. Samín af honum sjálfum*, ritstjóri Björn K. Þórólfsson, Reykjavík: Heimdallur, 1945, bls. 5–16, hér bls. 7.

⁶¹ Matthías Viðar Sæmundsson, „Tvær ferðasögur“, *Íslensk bókmenntasaga III*, ritstjóri Halldór Guðmundsson, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 134–143, hér bls. 136.

⁶² Árna Magnússon, *Ferðasaga Árna Magnússonar frá Geitastekk. Samín af honum sjálfum*, ritstjóri Björn K. Þórólfsson, Reykjavík: Heimdallur, 1945, bls. 29.

að söguhetjan sé „ekki knúin af ævintýraþrá eða trúarlegri köllun, né heldur leit[i] hún þekkingar, dýrðar, auðæfa, kvonfangs eða fyrirmyndarlands. Þess í stað flækist hún úr einum stað í annan heimshorna á milli án sýnilegs takmarks og tilgangs.“⁶³

Þá lýsingu má vel máta við annað bindi *Harmsögunnar* sem fjallar að mestu leyti um Ameríkureisu Jóhannesar. Það gerir ritið *Ameríka – Í ljósi sannleikans*⁶⁴ einnig, þar sem Jóhannes segir í upphafi: „Ég hefi verið í 16 ár í Ameríku, sextán ár [svo] of lengi.“⁶⁵ Ritið skrifar hann sem forvörn fyrir Íslendinga sem hyggjast láta reyna á ameríska drauminn en þrátt fyrir að vesturflutningar hafi að mestu lagst niður hefur Jóhannes áhyggjur af því að þeir séu að aukast aftur. Fyrir Jóhannesi var reisan vestur enginn draumur heldur „jarðneskt helvíti“ sem hann biður fólk að forðast.⁶⁶ Jóhannes lýsir tildrögum ferðarinnar þannig að hann hafi verið ginntrur til Ameríku þegar móðir hans fékk bréf frá frænku þeirra í Bandaríkjunum. Þar hafi hún tjáð þeim mæðginum að hún gæti ábyrgst góða framtíð hans á býli sínu á landamærum Norður-Dakóta og Minnesota. Þegar Jóhannes fór síðar til frænku sinnar í Vesturheimi hrökk sú gestrisni þó skammt og hann lagði leið sína til Kanada í algjöru ráðaleysi.⁶⁷ Það var stef sem átti eftir að einkenna ferðalag Birkilands en segja má að dvöl hans þar vestra hafi verið einn allsherjarflækningur. „The Tramp“, ljóð Jóhannesar sem birtist í ljóðabókinni *Poems of Heart*, er lýsandi fyrir flokkumanninn Jóhannes en í ljóðinu skrifar hann um ónefndan mann sem minnir óneitanlega á hann sjálfan. Titill ljóðsins þýddi Jóhannes á íslensku sem „Flækningurinn“⁶⁸. Þar koma þessi erindi fyrir:⁶⁹

His sullen gaze without an aim or end
 Roves 'round a nothing for there is not a trend,
 The world is a cemetery to his soul
 And men but tombs – the time a death-knell's toll.

⁶³ Matthías Viðar Sæmundsson, „Tvær ferðasögur“, bls. 134.

⁶⁴ J. Stefánsson, *Ameríka. Í ljósi sannleikans: Áreiðanlegar frásagnir um lífið í Vesturheimi*, Reykjavík: Útg. ekki getið, 1927.

⁶⁵ Sama rit, bls. 3.

⁶⁶ Sama rit, bls. 49–50.

⁶⁷ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga æfi minnar II*, bls. 12–24. Sjá einnig kaflann „Frænka“ í sama riti, bls. 12–18.

⁶⁸ Jóhannes Birkiland, *Sannleikurinn*, bls. 117.

⁶⁹ Jóhannes Birkiland, *Poems of heart*, án útgst.: Jóhannes Birkiland, án ártals, bls. 17–18.

What this man could have been is but a guess,
 Veiled are the powers that he did possess,
 Methinks that oft the very best of men
 Are failure's pray – what saves? The voice, the pen?⁷⁰

Eins og áður segir leitaði Jóhannes skýringa í sálgreiningarfræðum Freuds en í *Harmsögumni* lýsir hann flóttatilhneigingu úr barnæsku sinni. Þar segist hann alls ekki hafa viljað leika sér með leikföng líkt og önnur börn heldur hafi hann sér til dægrastyttingar „rangla[ð] um mela, holt, og hæðir landareignarinnar“, „í algeru úrræðaleyfi og örvæntingu“. ⁷¹ Jóhannes grunar að faðir hans hafi haft áhrif á sig í þessu eins og fleiru og nefnir ferðahneigð föður síns sem líklega skýringu fyrir sinni eigin, „þótt útþráin kæmi ekki fyrr en löngu síðar, enda varir hún til minnar dauðastundar“. ⁷² Í fyrsta bindi *Harmsögunnar* fjallar Jóhannes um ferðir föður síns sem hann segir hafa ferðast (innanlands) „mikið á íslenska bænda-vísu á þeim dögum“⁷³ og stundum hafa tekið Jóhannes með þrátt fyrir að hafa drukkið allmikið á ferðum sínum.

Útþrá Jóhannesar átti síðar eftir að koma honum til Ameríku en það er ráðgáta í sjálfu sér hvers vegna Jóhannes dvaldi svo lengi þar. Hann var á hrakhólum allan tímann þar sem hann flæktist auralaus á milli misgestrisinna heimila og gistiheimila án nokkurs baklands. Jóhannes Birkiland og Árni Magnússon frá Geitastekk voru báðir flækingar sem ferðuðust einir í algjöru stefnuleysi af sögum þeirra að dæma. Í formála að ferðasögu Árna lýsir Björn K. Þórólfs-son Árna á þann veg að hann hafi jafnan fundið til einstæðingsskapar og verið utanveltu. Hann hafi aldrei „samlagazt útlendingum. Annað mál var, að hann samlagaðist löndum sínum jafnvel enn síður.“⁷⁴ Það er ljóst að hann var ekki barnanna bestur enda var hann drykkjumaður og sótti í vændiskonur. Lýsingar Árna eru stundum óhugnanlegar og ljóst er að hann varð vitni að ýmiss konar mannvönsku á ferðalögum sínum, til dæmis í ferðum hans með sveitum Rúss-landshers um Tyrklandshaf.⁷⁵

Þó að ferðasaga Árna sé nokkuð blæbrigðalaus miðað við *Harmsögu* Jóhann-

⁷⁰ Messusöngur var annað starf sem Jóhannes lét reyna á í Ameríku, sjá í Jóhannes Birkiland, *Harmsaga æfi minnar II*, bls. 66–68.

⁷¹ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga æfi minnar*, bls. 17.

⁷² Sama rit, bls. 40.

⁷³ Sama rit, bls. 50.

⁷⁴ Björn K. Þórólfs-son, *Ferðasaga Árna Magnússonar frá Geitastekk*, bls. 10.

⁷⁵ Sjá umfjöllun Karenar Östlund um ritid í Karen Östlund, „Líf í útlegð. Ferðasaga Árna Magnússonar sem hnattæræn ævisaga“, *Saga. Tímarit Sögufélags*, LX: 1/2022, bls. 116–143.

esar, enda sagan mun eldri og bókmenntahefðin styttra komin, skynjar lesandi ferðasögunnar andfélagslega manngerð Árna sem er óvenjulegt í sjálfsævisögulegum skrifum þess tíma. Árni hefði getað fjallað um ferðina með látlausari hætti, það er kosið að einbeita sér að því sem sneri að einkennum hvers staðar fyrir sig, lesendum til upplýsingar. Þannig hefði hann getað sneitt alfarið hjá skapgerðarbrestum sínum enda er hann einn til vitnis um það sem gerðist á ferðalögum hans. Hann lýsir ferð sinni hins vegar af mikilli bersögli og dregur ekki dul á það sem honum mislíkar. Í því samhengi skrifar Björn K. Þórólfsson í niðurlagi formálans að ferðasögunni:

Ef vér lítum yfir æviferil Árna, er auðsætt, að svaðilfarir hans mundu ekki á allra færi. Hvort sem hann er á Grænlandi eða fyrir sunnan sólina, lætur hann fátt fyrir brjósti brenna. Hann hefur verið „harður og snar við hryðjur og vos og svakk“ eins og Þorgeir í Vík. Bókleg menntun hans er honum jafnan tiltæk, hvernig svo sem högum er háttað. En úr öllu þessu verður honum ekki neitt, ef mælt er á venjulegan mælikvarða. Því valda veilur og þverbrestir í skapgerð hans. Má því segja, að hann sé öllu fremur einn af kynlegum kvistum þjóðar vorrar en í tölu fyrirmyndarmanna. Þó er hann að einu leyti hin besta fyrirmynd. Hann er svo bersögull um bresti sína, að sjálfsævisögur hafa meira gildi en stundum reynist, ef höfundar þeirra hlífðu sjálfum sjer ekki meir en Ární. Merkilégast er það, að maður, sem kemur heim með svo herfilega brotin skip sem hann, færir minningar sínar í letur. Hann á skilið, að þær varðveitist frá gleymsku.⁷⁶

Þrátt fyrir andfélagslega skapgerð Árna lofsamar Björn bersögli hans um eigin bresti og kallar eftir því að höfundar sjálfsævisagna taki sér hana til fyrirmyndar. Það mætti segja að ósk Björns hafi ræst um leið en sama ár og ferðasagan kom út gaf Jóhannes Birkiland út fyrsta bindi *Harmsögunnar* sem er með bersögulli sjálfsævisögum sem komið hafa út á Íslandi. Í sögum þeirra beggja má segja að hreinskilni höfundar um eigin breyskleika sé höfuðforsenda þess að greina megi andhetjuleg einkenni.

Í áður nefndri umfjöllun í *Íslenskri bókmenntasögu* III fjallar Matthías Viðar um *Víðferlissögu* Eiríks Björnssonar til samanburðar við ferðasögu Árna Magnússonar. Eiríkur var á flakki um svipað leyti og Árni og fór einnig til Kína og víðar,

⁷⁶ Björn K. Þórólfsson, *Ferðasaga Árna Magnússonar frá Geitastekk*, bls. 15.

þar á meðal til Bengal við Indlandshaf. Matthías Viðar segir um mun þessara tveggja ferðasagna að Árni greini frá:

illu atlæti um borð, hungri, bölví og ofbeldi, auk þess sem lýsing hans öll er hrárrí og svakafyllri, lýst er drykkjuskap og húruhúsum sem Eiríkur minnst hvergi á enda er frásögn hans guðrækilegri á allan hátt. [...] Frásögn hans [Eiríks] einkennist þó af mikilli varfærni því hvergi er minnst á siðferðisbrestí, afgangur eða ódyggðir sögumanns, einstaklingurinn Eiríkur fer huldu höfði að mestu og stíllinn er næsta ópersónulegur, fyrirriddarinn er hluti guðlegs lögmáls á heimshornaflakki sínu.⁷⁷

Í grundvallaratriðum skilur þetta tvennt að sögur Eiríks og Árna; bersöglin sem Árni býr yfir en Eirík skortir og hið trúarlega sem Eiríkur býr yfir en Árna skortir. Fyrir utan almennt fróðleiksgildi er guðleg forsjá að einhverju leyti tilgangur sögu Eiríks. Matthías Viðar telur að í þessari guðrækilegu afstöðu felist höfuðréttlætning ritsins og bendir á orð Eiríks í sögunni sem vill skýra frá „dásamlegri verndun Drottins yfir [sér] í ýmsum yfirvofandi háskasemdum, með þakklæti fyrir hans föðurlega forsjónargæsku“.⁷⁸ Sagan er til vitnis um miskunnsemi Guðs sem hann þakkar fyrir að hafa komist óhultur heim. Tilgangsleysi einkennir hins vegar ferðasögu Árna. Hann er ekki upptekinn af Guði í sögu sinni.⁷⁹ Fjarvera Guðs býr til tóms sem gerði Árna kleift að skrifa með öðru móti en hafði áður verið gert í íslenskum sjálfsævisögum. Tómið býður upp á tilvistarlega kreppu í sögu manns sem fann sig ekki með mönnum eða Guði. Matthías bendir á að Árni hafi ekki fylgt eftir hinni biblíulegu formgerð líkt og gert er í *Víðferlissögu Eiríks* og *Reisubók séra Ólafs Egilssonar* (17. öld) sem dæmi. Þá formgerð segir Matthías hafa staðið í vegi fyrir þróun sjálfsævisagna vegna þess að hún hindraði leik í frásögninni þar sem allt sneri að uppsprettu guðlegrar forsjónar. Persónuleg sérstaða hafi ekki þótt viðeigandi. Í ferðasögu Árna hafi þessi formgerð hins vegar sundrast.⁸⁰ Árni skrifar út frá hinu persónulega sjónarhorni sem skapar rúm fyrir trú- og tilgangsleysið í ferðasögu hans. Það skal þó tekið fram að vissulega var tilvistarkreppu áður að finna í sjálfsævisögulegum ritum. *Píslarsaga*

⁷⁷ Matthías Viðar Sæmundsson, „Tvær ferðasögur“, bls. 136–137.

⁷⁸ Sama rit, bls. 137.

⁷⁹ Karen Östlund segir í áður nefndri grein sinni að Árni hafi haft lítinn áhuga á trúmálum, sjá Karen Östlund, „Líf í útleigð“, bls. 138.

⁸⁰ Matthías Viðar Sæmundsson, „Tvær ferðasögur“, bls. 137–138.

Jóns Magnússonar (17. öld) og *Ævisaga Jóns Steingrímssonar* (18. öld) lýsa sem dæmi sálarangist höfundanna en sá grundvallarmunur er hins vegar á þeim og Árna að þeirra lýsingar eru settar fram sem þolraun af Guðs hendi. Kvöl þeirra og þína hefur skýran tilgang. Ritin hafa þann tilgang að hreinsa æru höfunda, bæði fyrir Guði og samtíðar- og framtíðarfólki.⁸¹

Rétt eins og í ferðasögu Árna Magnússonar er trú- og tilgangsleysi leiðandi stef í skrifum Jóhannesar Birkilands. Í fyrrnefndu riti, *Sannleiknum*, fjallar hann um samsæri kirkjunnar og kristinnar trúar sem hann kallar lyga-almættið. Það minnir talsvert á *Bréf til Láru Þórbergs Þórðarsonar*, þar sem Þórbergur er mjög gagnrýninn á kaþólsku kirkjuna.⁸² Í *Harmsögumi* er Guð, líkt og í ferðasögu Árna, fjarverandi og engin hugsjón kemur beinlínis í stað hans. Þó svo að Jóhannes hafi draumóra og fái dellur fyrir ýmsu í Ameríku, svo sem forsetaembættinu og leikaraframa, staldrar hann stutt við þær áætlanir og er um leið rokinn í aðra átt. Væntanlega hefur fátækt hans og aðrar aðstæðubundnar ástæður spilað hlutverk í því hvar hann sá sér best borgið hverju sinni en af lýsingum hans að dæma var hann bláfátækur alla tíð. *Harmsagan* gefur okkur hins vegar færi á að skoða hvaða innri hvatir ráku Jóhannes í þennan flæking.

Í því samhengi er vert að staldra við kaflann „Píanóleiðangur og forstjóra-starf“⁸³ þar sem Jóhannes tekur að sinna píanósölu í Kanada. Hann er fenginn til að stjórna hljóðferaverslun um tíma á meðan eigandinn bregður sér frá búí. Salan gengur vonum framur en það er í fyrsta skiptið þar vestra sem Jóhannesi gengur vel í vinnu. Þegar eigandinn snýr aftur býður hann Jóhannesi hátt kaup fyrir áframhaldandi starf. Jóhannes tekur þó ekki við stöðunni, því einmitt þá grípur hann „heljarmikil löngun til þess að ferðast með járnbrautum“, svo hann „þaut út í buskann!“⁸⁴ Hann fékk að skilnaði 1000 dali frá vinnuveitandanum sem hann eyddi upp til agna á ferðalagi sínu um miðríki Bandaríkjanna. Því lauk í Winnipeg, borginni sem hann kallaði sorphaug veraldar.⁸⁵ Jóhannes kann að hafa haft sínar ástæður fyrir brottförinni en sagan er hins vegar eini efniviðurinn til túlkunar. Ákvörðun Jóhannesar um að láta ekki reyna á starfið er umhugsunarverð. Það er undirliggjandi tónn í verkinu að hann axlar ekki ábyrgð á eigin hrakförum. Þó að hann stundi í skrifum sínum gróft sjálfsniðurrif eru bágbornar aðstæður hans

⁸¹ Sjá einnig umfjöllun Sigurðar Gylfa Magnússonar í *Sjálfsögum* um „Forsögu sjálfstjáníngar á Íslandi“ bls. 50–82. Sjá einnig í sama riti „Stigmögnun sjálfstjáníngar“, bls. 248–252.

⁸² Soffía Auður Birgisdóttir fjallar ítarlega um *Bréf til Láru* í fyrrnefndri bók, *Ég skapa – þess vegna er ég*, bls. 65–101.

⁸³ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga afi minnar II*, bls. 50–53.

⁸⁴ Sama rit, bls. 53.

⁸⁵ J. Stefánsson, *Ameríka*, bls. 31.

yfirleitt öðru fólki að kenna: „Ég hef verið sem mús í kattarkjafi á Íslandi frá upphafi. Aðstæður mínar hafa verið seigdrepanði allt frá fæðingu.“⁸⁶ Píanóævintýrið er táknrænt fyrir existensialíska rót auðnuleysisins. Jóhannes sér ekki tilganginn í því að halda starfinu áfram, stöðunni fylgir ábyrgð sem er honum um megn. Andhetjan blasir við lesendum á þessu augnabliki. Hann kýs frekar að halda áfram ferðalaginu, í leit að óskilgreindu einhverju og um leið engu. Flækjgurinn, róleysið og eyndin heldur áfram.

Rörsýn

Travis Bickle, ein frægasta andhetja Hollywood, segir við sjálfan sig um leið og hann ávarpar áhorfendur í upphafi kvikmyndarinnar *Taxi Driver*:

Þau eru öll dýr, hvort eð er. Dýrin fara á stjá á næturnar:

Hóru, hommar, klæðskiptingar, dópistar, dýrin sjúk og spillt.

Einn daginn mun rigningin skola þessu pakki burt af götunni.⁸⁷

Bickle upplifir sig sem klófestan mann í siðspilltum heimi. Heimur versnandi fer og viðbjóðurinn kristallast í New York-borg. Þá borg kallaði Jóhannes Birkiland hjartalausustu borg í Vesturheimi. Um hana ráfaði hann síðustu daga sína í Ameríku „með einn dollar í eigu [s]inni“, „þyrstur og svangur“ eftir hrakfarir sínar þar undangengin sextán ár.⁸⁸ Viðhorf Bickles, fyrirlitning á þjóðfélaginu og siðspillingu þess, er algengt einkenni andhetja í bókmenntum. Eins og fyrrnefnd tilvitnun vitnar um hafa andhetjusögur oft einræðu í upphafi sem flokkast undir svokallað innra eintal (e. *interior monologue*).⁸⁹ Þar talar söguhetjan við sjálfa sig en um leið lesendur og hugarburðurinn virkar sem kynning á lífsskoðun hennar. Dæmi um þetta er einnig að finna í *Bjargvættinum í grasinu*. Þar kemur heiftúdugt lífsviðhorf aðalsöguhetjunnar Holdens í ljós á fyrstu síðu: „Nú er hann hóra í Hollywood, hann D.B. [bróðir hans]. Ef það er nokkuð, sem ég hef andstyggð á, þá eru það bíómyndir.“⁹⁰

⁸⁶ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga æfi minnar III*, bls. 103.

⁸⁷ Paul Schrader. *Taxi Driver*, Los Angeles: Columbia Pictures Corporation, 1976, bls. 8, (þýtt af höf. greinar), sótt 1. ágúst 2024 af <https://www.public.asu.edu/~srbeatty/394/Taxi%20Driver.pdf>.

⁸⁸ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga æfi minnar II*, bls. 104.

⁸⁹ Bergljót Soffía Kristjánsdóttir fjallar um *innra eintal* sögupersóna í bók sinni, *Fræðaskjóða*: „Oft er lögð áhersla á að innra eintal og *vitundarstreymi* (e. *stream of consciousness*) einkennist af sundurlausu flæði ótengdra og óröklegra þanka, sem kunna jafnvel að virðast óháðir almennum málfræðireglum“, bls. 271.

⁹⁰ J.D. Salinger, *Bjargvætturinn í grasinu*, þýðandi Flosi Ólafsson, Reykjavík: Almenna Bóka-

Þessi fyrirlitningartónn andhetja hefur ekki verið bundinn í hugtak á íslensku en ég mun í þessari grein nota heitið *rörsýn*. Rörsýnin er algengt minni í tilfelli andhetjunnar sem fellur illa að samfélagi sínu. Henni er í nöp við það og sér aðeins slæmar hliðar þess. Bjartsýni kemst ekki að fyrir neikvæðni og rörsýni söguhetja hefur oft í för með sér að ósiðsamlegt lífverni á borð við glæpi, vændi, ofbeldi og drykkjuskap verður henni hugleikið svo að jaðrar við þráhyggju.

Eitthvað ber á þessu minni í *Ferðasögu Árna Magnússonar frá Geitastekk* en hann dáðist að Inúítum og Þjóðháttum þeirra áður en Danir blönduðu geði við þá og spilltu þeim: „[Þ]egar þeir eru komnir undir þeirra uppfræðingu, læra þeir með það sama að drekka brennivín, hórast, stela, ljúga, hæða aðra.“⁹¹ Árni kemst þó ekki í hálfkvisti við Jóhannes Birkiland hvað rörsýn varðar en Jóhannes var sérstaklega gagnrýninn á umhverfi sitt og samferðamenn sína.

Rörsýnin er áberandi í *Harmsögunni* og ritinu *Ameríku* sem er ádeila á þann félagslega veruleika sem þreifst í Vesturheimi. Sérstaklega var Jóhannes gagnrýninn á Vestur-Íslendinga en hann hafði slæma reynslu af nokkrum slíkum: „Sumt af því fólk, sem hefir flutt búferlum til Ameríku, hefir verið rusl, úrhrak og illþýði íslenzku Þjóðarinnar.“⁹² Ritid *Ameríka* er að einhverju leyti pólitískt og deilir á misskiptingu þar í landi en einnig á siðferði Ameríkubúa, til dæmis kynferðislegt siðferði kvenna sem Jóhannesi ofbýður. Rörsýnin er áberandi í *Ameríku*:

Ameríka er langt á undan öllum öðrum löndum í siðspillingu og glæpum. Lauslæti og saurlífnaður hafa komist í það horf, að skýrslur sýna, að yfir sextíu af hundraði ungra manna fá samræðissjúkdóma. Telja má víst að hlutfall kvenna sé áþekt eða verra. [...] Svo að segja *alt* kvenfólk í Ameríku af yngri kynslóðinni virðir *hugsjón ástar og tryggðar að vettugi*. [...] Saurkvendi Ameríku eru alstaðar eins og mý á mykjuskán.⁹³

Það var þó ekki aðeins í Ameríku sem Jóhannesi misbauð siðferðið. Í smábæklingnum *Villigötur* (1935) fjallar Jóhannes af hispursleysi um sorabúllur Reykjavíkur þess tíma. Lengstu umfjöllunina fá krárnar Reykjavíkurbar og White Star í kaflanum „Svínastíur“ en orðið notar Jóhannes sem samheiti yfir siðspilltustu bari borgarinnar⁹⁴:

félagið, 1975, bls. 7.

⁹¹ Árni Magnússon, *Ferðasaga Árna Magnússonar*, 1945, bls. 33. Sjá nánari umfjöllun um þetta atriði í Karen Östlund, „Líf í útleð“, bls. 133.

⁹² J. Stefánsson, *Ameríka*, bls. 22.

⁹³ Sama rit, bls. 35–36.

⁹⁴ Umfjöllunin um barina spannar um helming ritsins. Seinni helmingur ritsins fjallar um

Reykjavíkurbær er stærsta gróðrarstía ofdrykkjunnar á landinu. Þar læra unglingar beinlínis og drengir á ýmsum aldri óbeinlínis að drekka. Þetta er aðalstöð allrar leynisölu höfuðstaðarins, og eigandinn er langstærsti lögbrotur landsins. Frá þessu lastabæli streyma menn til annars enn verra, White Star. Þessi knæpa er miðstöð ósiðferðis og amorslausakaupa um gervalt landið. Það er „andlegt“ og „siðferðislegt“ (!) samband milli þessara svínastía, eins og bent verður á í grein um White Star, sem er sú næsta í röðinni á eftir þessari, enda „sómir“ það sér vel, svo innilegt bróðurband tengir þessar tvær stofnanir, er setja, hvor á sínu sérstaka sviði, met í svínaríi með þessari þjóð, og líklega miklu víðar í heiminum.⁹⁵

Auk Reykjavíkubars og White Star fjallar Jóhannes stuttlega um Hótel Borg og Hótel Ísland sem fá þó ekki jafnslæma útreið. Jóhannes talar af reynslu um þessa staði en til þess hefur hann þurft að vera á vettvangi. Það hefur ekki aðeins verið til að afla heimilda en í byrjun ritsins segist hann hafa verið ofdrykkjumaður á dálitlum kafla ævinnar og hafa stundað barinn frá morgni til kvölds.⁹⁶ Hann hefur oft orð á drykkju sinni í fleiri ritum eins og í *Harmsöggunni*: „Um 4 ára skeið fór ég á fylleri sjálfum mér „til dýrðar!“ – Miklu síðar þreif ég í hálmstrá ofdrykkjunnar vegna óbærilegs andlegs sársauka og misþyrminga minna hreinu tilfinninga!“⁹⁷ Jóhannes lýsir því í ritinu sem hann hefur upplifað á öldurhúsum. Umfjöllunin um White Star hefst á ljóðrænu myndmáli um hvítar stjörnur. Eftir að Jóhannes hefur upphafið fyrirbærið með rómantískum hætti hefst hann handa við að rífa það niður:

Úti í geimnum eru þær stjörnum [svo], sem kalla má að séu með hvítum lit, taldar að vera björtustu og heitustu sólar alheimsins. Það er álitid að þær séu á askuskeiði. Má líkja þeim við þann geislandi unað, sem streymir til óspiltra manna frá ástríðu-auðugum ósnortnum ungmeyjum. En þegar þessar sólar hafa varpað frá sér sínu bjarta, bálandi geislaflóði um hundruð þúsunda miljóna eða miljónir miljóna ára – einhvern óratíma, sem líkt og altilveran er ofar varurð eða vitund manna, þessu augnabliks- (á altilverumælikvarða) lífsfyrirbrigði mannhugans – er alment hallast að þeirri tilgátu, að sólinar kólni,

slæmt hátterni nokkurra lækna.

⁹⁵ Jóhannes Birkiland, *Villigötur*, Reykjavík: Jóhannes Birkiland, 1935, bls. 20.

⁹⁶ Sama rit, bls. 4.

⁹⁷ Jóhannes Birkiland, *Harmsaga efi minnar II*, bls. 83.

birta þeirra deplist, uns þær eru útbrunnar og orðnar að dimmum, köldum hnöttum, sem má líkja við útlifaða slarkara, karla og konur. Árekstrar og önnur slík umbrot náttúruaflanna í geimnum eru líklega oftast milli dimmra hnatta eða þeirra og lýsandi sólna. Þannig er það einnig í mannlífinu. Áhrif spillingarinnar og þeirrar glötunar og eyðileggingar, sem af henni leiða, laða og leiða karla og konur af því tæi saman. En svo dregur líka stundum siðspiltur maður siðprúða stúlku ofan í svaðið með sér eða lauslát kvennasnift skírlífan ungling á sama hátt. Þetta er það sem gerist á White Star.

„Stjarnan“ á Laugavegi 11 í Reykjavík, er biksvört, kolmyrk svínastía, löðrandi í ósóma og svívirðu. Meira rangnefni en á þessari gróðrarstú lasta og spillingar er ekki til hér á landi. Eins og nafn þessarar knæpu er sannleikurinn algerlega snúinn við, eins er hún sú aldræmdasta og illræmdasta, sem með þessari þjóð hefir verið og er.⁹⁸

Umfjöllunin um White Star er langur lestur um eigendur staðarins, sprútt-sala sem þar störfuðu (áfengissala var bönnuð), óskundalýðinn sem þar drakk og þar fram eftir götum. Lýsingar á siðferðislegu hátterni kúnna eru gróteskar á köflum. Jóhannes hafði sögu að segja frá fyrstu hendi, máli sínu til stuðnings:

Á White Star er eg vitni meðal annars að eftirfarandi: Alræmd vændiskona hvarf inn á salernið. Á hæla henni hvarf ölvaður maður inn. Nokkrir aðrir menn, undir áhrifum áfengis, þyrptust að dyrum salernisins. Kiptu þeir og ryktu í hurðina og var auðsætt að hún var lokuð að innanverðu. Maðurinn kom út aftur eftir örlitla stund, mäsandi, eins og hann hefði staðið í púlsvinnu á salerninu, enda var engum efa bundið, að hann hafði haft mjög hraðann á því, sem hann hafði verið að gera. Líkt og elding hvarf nú annar maður inn í salernið, kom út aftur eftir tæpa mínútu eða svo, sveittur og dró andann þungt, auðsæilega vegna þess, að hann hafði skort næði til rólegrar athafnar, og hafði orðið að ljúka sér af óæskilega fljótt, er hafði kostað hann óþarflega mikla áreynslu, og hljóta allir að draga þá ályktun af þessu, að það hafi komið til af því, að stúlkan vildi gera sem mest „buisness“ á sem stystum tíma, og hins vegar „viðskiptamennirnir“ komast sem fyrst að henni og ljúka af erindi sínu. Þegar einn fór út, fór annar

⁹⁸ Jóhannes Birkiland, *Villigötur*, bls. 21–22.

inn á salernið. Dálítill þyrping af eftirvæntandi mönnum hélt áfram að híma við hurð salernisins. Það var fylking óþreyjufullra náunga, er mændu löngunarfullum augum á dyrnar. Þannig gekk það til meiri hluta kvöldsins. Þegar leið að leiklokum, smáminkaði hópurinn við salernisdyrnar, uns aðeins einn maður var eftir, sem svo hvarf inn og þannig rak lestina inn í þessa paradís eða hitt þó og heldur! Þegar hann var nýkominn út aftur, kom stúlkan sjálf – hún sem hafði aðalhlutverkið í þessum leik – líka út. Hún var löðrandi í svita á andliti og hálsi og ekki aðeins kámug af svita, heldur einnig af gulgrárrí kvoðu. Í hári hennar stírndi á eitthvað af sama lit og ennfremur á kálfum hennar. Hún var svo óútleg og svo mjög áberandi og áþreifanlega persónugerfing ókvenlegleikans, að þeim hryllingi, er slíkt getur valdið, skortir mann orð til að lýsa. Flestir gestir knæpunnar voru þessu „háttíðlega“ samdauna. Eg varð t. d. ekki var við neinn, er léti í ljósi furðu sína á svona atferli. Lífernir áþekt þessu er aðalinnihald þessarar stofnunar. Á ólöglegri kynferðisverslun fyrst og fremst og svo einnig á sölu og neyslu áfengis er tilvera White Star byggð. Þangað sækja og þar reka frekustu og dýpst sokknu mellur höfuðstaðarins atvinnu sína, og þaðan breiðast út kynferðissjúkdómar í allar áttir um gervalt landið.⁹⁹

Í umfjölluninni um barina er rörsýnin svo áberandi að nær ekkert annað kemst að en það sem Jóhannesi blöskrar. Eins og komið hefur fram og ofangreindar tilvitnanir sýna er stíll Jóhannesar sannarlega ófgakenndur. Ef til vill má færa rök fyrir því að Jóhannes hafi viljað magna upp þessa bölsýni til að marka ritum sínum sérstöðu, gera þau krassandi og áhugaverð aflestrar og þar með að fýsilegri söluvöru. Eftir heimkomu frá Ameríku hafði Jóhannes tekjur af því að ferðast um landið og selja bækur sínar sjálfur.¹⁰⁰

Hér er rörsýnin tekin fyrir sem bókmenntafræðilegt minni. Slíkur þankangur getur þó í raunheimi verið fylgífiskur þunglyndis. Ekki verður fullyrt um andlega heilsu Jóhannesar hér en um hana skrifar hann sjálfur í ritinu *Hálft annað ár í lífi mínu*, þar sem hann leitaði til Helga Tómassonar læknis árið 1928:

[Þ]á vissi ég ekki það, sem ég veit nú, að hann er eindæma illmenni og jafnframt brjáláður, í einu orði sagt: glæpbrjáláður – og þá tjáði ég honum, að ég væri þunglyndur og skapæstur, og hefði enda lengi verið,

⁹⁹ Sama rit, bls. 22–24.

¹⁰⁰ Þorsteinn Antonsson, *Sjáendur og utangarðsskáld*, bls. 57.

næstum því alla æfi, og að ég vildi fá að vita, hvort ég væri í raun og veru andlega heilbrigður, sem kallað er.¹⁰¹

Í ritinu segir Jóhannes farir sínar ekki sléttar af samskiptum þeirra en hann rekur söguna af því hvernig Helgi átti síðar eftir að skikka Jóhannes til vistar á Kleppi. Sigurður Gylfi Magnússon nefnir í *Sjálfsögum* að *Harmsaga æfi minnar* sé „ekki góð heimild um vinnulag og uppeldi í sveitasamfélagi níttjándu og tuttugustu aldar en hún er aldeilis frábær heimild um hugarástand manns sem átti í andlegum hremmingum.“¹⁰² Hvað sem heilsu hans leið bera verk hans óneitanlega merki geðsveiflna aðalhetjunnar sem kemur fram í einstökum lýsingum á sálarlífi hennar. Afurðin er eftirtektarvert höfundarverk sem á sér fáar hliðstæður og aðdáendahóp áratugum eftir útkomu þess, þótt illfáanlegt sé.

Hispurslaus harmsaga sálarlífsins

Í þessari grein hefur verið rýnt í sjálfsævisöguleg verk Jóhannesar Birkilands með hliðsjón af andhetjunni. Ljóst er að ýmis minni sem einkenna andhetjusögur má máta við þá mynd sem Jóhannes dregur upp af sjálfum sér í skáldævisögu sinni, *Harmsaga æfi minnar*, og í ritunum *Ameríka* og *Villigötur*. Enn er margt ósagt um þessi rit og fleiri verk Jóhannesar Birkilands sem ekki hefur gefist rúm til að gera nánari grein fyrir hér. Eins og áður segir hefur lítið verið skrifað um verk Jóhannesar yfirhöfuð en ég vona að fleiri áhugasamir um höfundarverk Jóhannesar taki sér það verk fyrir hendur.

Fyrirnefnd rit Jóhannesar hafa einnig verið til athugunar með tilliti til annarra sjálfsævisagna eins og *Ferðasögu Árna Magnússonar frá Geitastekk*. Árni skrifaði með persónulegri hætti en áður hafði tíðkast, þegar guðleg forsjón hvatti höfunda til sjálfsævisögulegra skrifa. Stefnuleysi Árna ásamt bersögli um eigin andfélagslega persónugerð gerir harmrænni sögupersónu hans kleift að þrífast. Þessi sömu einkenni áttu síðar eftir að vera áberandi í fyrirnefndum verkum Jóhannesar.

Rit Jóhannesar hafa einnig verið borin saman við rit Þórbergs Þórðarsonar. Í skáldævisögunum *Íslenzkur aðall* og *Ofvitinn* ber sögupersónan Þórbergur oft með sér andhetjuleg einkenni. Eins og í fyrirnefndum ritum Jóhannesar Birkilands skyggjast lesendur þar inn í hugarheim söguhetjunnar sem er ungur, fátækur maður og oft og tíðum reiður samfélagi sínu. Fyrirnefndar skáldævisögur Þórbergs og *Harmsaga* Jóhannesar eiga það sameiginlegt að fjalla um harmrænt sálarlíf þeirra höfunda. Þórbergur og Jóhannes eru bersöglari en flestir aðrir

¹⁰¹ Jóhannes Birkiland, *Hálft annað ár í lífi mínu*, Reykjavík: Jóhannes Birkiland, 1935, bls. 14.

¹⁰² Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfsögur*, bls. 130.

sjálfsævisagnaritarar. Þeir eru opinskáir um eigin bresti og hika ekki við að lýsa sjálfum sér á niðrandi máta, oft með kómískum hætti.

Þórbergur ruddi ekki aðeins brautina fyrir Jóhannes með berskjöldun sálarlífsins heldur einnig hvað form skáldævisögunnar varðar. Bækur hans komu út í kjölfar sjálfsævisagnanna *Dægradvöl* eftir Benedikt Gröndal og *Sögukaflar af sjálfum mér* eftir Matthías Jochumsson, þar sem höfundar gera leitina að eigin sjálfi að viðfangsefni. Þessi rit hafa sennilega verið fyrirmyndarverk fyrir sjálfsævisagnaritun Þórbergs og síðar Jóhannesar. Þá má einnig gera sér í hugarlund að freudísk aðferðafræði Matthíasar í sögu hans hafi verið Jóhannesi Birkiland innblástur við gerð *Harmsögunnar* þar sem Jóhannes leitar að ástæðum fyrir undankomuleysi sínu í æsku.

Í þessari grein hefur hugtak greinarhöfundar, *rörsýn*, verið notað um hugarástand söguhetja sem einblína á slæmar hliðar samfélagsins svo að jaðrar við þráhyggju. Rörsýn er áberandi í fyrrnefndum ritum Jóhannesar Birkilands eins og í andhetjusögum almennt. *Harmsagan* hefur í sér djúpan existensialískan tón; í tilvistarlegri kreppu og angist flækist hann lands- og heimshorna á milli án þess að vita hvers hann leitar eða verða nokkuð ágengt. Söguhetjan Jóhannes Birkiland upplifir sig utanveltu í mannlífinu og ber mikinn kala til samfélags síns. Hispurslausar lýsingar Jóhannesar á eigin sálarlífi og jaðarstöðu leggja grunn að því að andhetja harmsögu hans verður til.

Ú T D R Á T T U R

Jóhannes Birkiland (1886–1961) er þekktastur fyrir sjálfsævisögu sína *Harmsaga æfi minnar*. *Hvers vegna ég varð auðnuleysingi* sem kom út í fjórum hlutum 1945–1946. Í greininni er fjallað um verkið með lýsandi hætti en lítið hefur verið fjallað um Jóhannes í fræðilegri umræðu. Fleiri sjálfsævisöguleg verk Jóhannesar Birkilands eru til umfjöllunar, þá sérstaklega ritin *Ameríka: áreiðanlegar frásagnir um lífið í Vesturheimi* (1927) og *Villigötur* (1935).

Verkin eru skoðuð út frá sjónarhorni andhetjuminnisins sem er áberandi í þeim en sögur Jóhannesar um sjálfan sig fjalla um mann sem upplifir sig utanveltu í samfélagi sínu. Verk hans eru einnig greind með hliðsjón af verkum annarra íslenskra sjálfsævisagnahöfunda. Þar ber helst að nefna *Íslenzkan aðal* (1938) og *Oftitann* (1940) eftir Þórberg Þórðarson og *Ferðasögu Árna Magnússonar frá Geitastekk*. Í greininni eru útlistuð andhetjuminni í sjálfsævisögum þeirra áþekk þeim sem er að finna í sjálfsævisögum Jóhannesar. Færð eru rök fyrir því að bersögli þeirra og Jóhannesar magni upp þau minni og jaðarstöðu höfunda sem jafnframt eru aðalpersónur verkanna. Einnig er gripið til samanburðar við andhetju í skálduðum verkum eins og *Útlendingum* eftir Albert Camus og *Bjarg-*

FLÓKI LARSEN

vættinum í grasinu eftir J. D. Salinger. Greinarhöfundur útlístar sérstaklega hugtakið *rörsýn* fyrir minni sem einkennir hugarástand andhetja og er lýsandi fyrir bölsýni þeirra.

Lýkilorð: andhetja, Jóhannes Birkiland, sjálfssævisaga, skáldævisaga, Þórbergur Þórðarson, Ferðasaga Árna Magnússonar frá Geitastekki, Harmsaga æfi minnar

ABSTRACT

The outcast Jóhannes Birkiland

The manifestation of the antihero in his biographical works

Jóhannes Birkiland (1886–1961) is best known for his autobiography *The Tragedy of My Life: Why I Became a Failure*, published in four parts 1945–1946. This article describes the autobiography as well as other autobiographical works by Jóhannes Birkiland, most notably the works *America: Reliable Accounts Of Life in the Western World* (1927) and *Crossroads* (1935). Jóhannes's autobiographical works are about a man who feels out of place in his community. They are examined from the perspective of the antiheroic motifs that is prominent in them. His works are analyzed with reference to other Icelandic autobiographers, especially Þórbergur Þórðarson and Árni Magnússon from Geitastekkur. The article argues that antiheroic motifs can be discerned in their autobiographies, similar to those in Jóhannes's autobiographies. Arguments are made that the authors' frankness, including Jóhannes's, intensify the motifs. Comparisons are also made with antiheroes in fictional works such as *The Stranger* by Albert Camus and *The Catcher in the Rye* by J. D. Salinger. The author of this article specifically outlines the concept of the *tunnel vision* motif, which characterizes the state of mind of antiheroes and is representative of their pessimism.

Keywords: antihero, Jóhannes Birkiland, autobiography, Thorbergur Thordarson, Travelogue of Arni Magnusson from Geitastekkur

FLÓKI LARSEN

íslenskufraeðingur

fl3@hi.is